

Mál nr. 142/2020**M og****V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (A).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna mistaka við setningu hæðarpunkta fyrir einbýlishús.****Gögn.**

Málskot, móttekið 17.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M lét byggja fyrir sig einbýlishús í tilteknu sveitarfélagi og réð A sem byggingarstjóra við byggingarframkvæmdina. Byggingarleyfi var gefið út 1. mars 2017. Fljótlega eftir að hæðarpunktar höfðu verið settir í götunni á vegum sveitarfélagsins hófust byggingarframkvæmdir. Steypt var botnplata í kjallara, svo og kjallaraveggir, gólfplata bílskúrs, bílskúrsveggir, þak yfir bílskúrinn og sökklar undir sjálfa íbúðina. Á þessu byggingarstigi, 12. nóvember 2017, kom í ljós að botnplata bílskúrs var 49 cm hærri en gert var ráð fyrir samkvæmt samþykktri teikningu sem mun hafa stafað af því að púði undir botnplötunni hafi verið of hár. M mun ekki hafa átt annarra kosta vöð en að fara í umfangsmiklar framkvæmdir til að lækka púðann í þá hæð sem samþykktar teikningar gerðu ráð fyrir.

M kveður tvær ástæður koma til greina sem skýrt geta það að húsið var byggt á of háum púða, annars vegar að sveitarfélagið hafi gefið upp rangan hæðarpunkt eða að mælt hafi verið vitlaust við útsetningu púðans undir húsið. Hver sem orsökina hafi verið sem olli því að púðinn reyndist vera of hár, hefði A sem byggingarstjóri við byggingarframkvæmdirnar engu að síður átt að veita hæðarmuninum eftirtekt. A er vátryggður samkvæmt starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingunni vegna tjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir sökum þess að púðinn var of hár. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu, svo sem skoðunar- eða álitsgerðir sérfróðra skoðunarmanna, um orsakir þess að púði undir húsbygginguna reyndist vera of hár, né heldur liggja fyrir gögn sem sýna fram á að hæð púðans megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Eins og málið liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að A beri ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir af völdum þess að púði undir húsinu var of hár. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.